

Fundargerð

samstarfsnefndar Félags lífeindafræðinga og Landspítala

Mættir f.h. FL: Alda Margrét Hauksdóttir, Freyja Valsdóttir og Sveindís D. Hermannsdóttir
Mættir f.h. LSH: Atli Atlason, Sóley Snædís Stefánsdóttir og Oddur Gunnarsson.
Fundarstaður: Skaftahlíð 24, 108 R
Dagsetning / tími: 25. september 2020
Fundardagskrá: Viðauki vegna starfaflokkunar

1. Lífeindafræðingar á sýkla- og veirufræðideild

Lífeindafræðingar á sýkla- og veirufræðideild Landspítala starfa undir miklu álagi og sinna lykilhlutverki þegar faraldrar ganga yfir. Þeir þurfa að sýna aðlögunarhæfni og kunnáttu við þróun nýrra greiningaraðferða ásamt þróun við notkun búnaðar og tækja sem geta verið tekin í notkun með mjög stuttum fyrirvara. Þá kalla störf þeirra á snerpu og faglega þekkingu við að breyta verkferlum og gæðamálum með skömmum fyrirvara. Þá tekur þjálfun lífeindafræðinga á sýkla- og veirufræðideild langan tíma eða alla jafna allt að einu ári. Í ljósi framangreinds eru aðilar sammála um að umbuna þarf sérstaklega lífeindafræðingum á sýkla- og veirufræðideild með sérröðun umfram starfaflokkun stofnanasamnings.

Aðilar eru sammála um að lífeindafræðingar B – E á sýkla- og veirufræðideild munu áfram grunnraðast skv. stofnanasamningi en sem viðbót fá lífeindafræðingar B einn viðbótarlaunaflokk og lífeindafræðingar C – E tvo viðbótalaunaflokka frá og með 1. október 2020.

Í þeim tilvikum þar sem lífeindafræðingar C-E hafa haft ótilgreinda eða sólarlags launaflokka eða launaprep gengur það upp í þessa hækkun. Við þá framkvæmd verður miðað við að launasetning verði sem jöfnust sambærilegum störfum innan FÍN á sýkla- og veirufræðideild.

2. Nýtt starfsheiti í stofnanasamning

Aðilar eru sammála um að bæta eftirfarandi starfsheiti við starfaflokkun í stofnanasamningi sbr. 3. gr.:

Starfsmaður með B.Sc í lífeindafræði – launaflokkur 060: Hefur lokið BS gráðu í lífeindafræði án starfsleyfis sem lífeindafræðingur.¹

3. Viðræður um nýjan stofnanasamning

FL áréttar að félagið mun óska eftir að viðræðum um endurskoðun stofnanasamnings verði framhaldið eigi síðar en eftir mitt ár 2021.

Fleira ekki gert

¹ Starfsmaður með B.Sc í lífeindafræði án starfsleyfis raðast í lf. 060 en lífeindafræðingur með B.Sc í lífeindafræði og starfsleyfi raðast sem Lífeindafræðingur A - E.

Undirritunarsíða

Fh. Landspítala
Sóley Snædís Stefánsdóttir

Fh. Landspítala
Atli Atlason

Fh. Landspítala
Oddur Gunnarsson

Fh. Félag lífeindafræðinga
Alda Margrét Hauksdóttir

Fh. Félag lífeindafræðinga
Freyja Valsdóttir

Fh. Félag lífeindafræðinga
Sveindís D Hermannsdóttir